

Mál nr. 258/2010

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á Hjallavegi við Ásveg í Reykjavík þann 30.7.2010.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 30.8.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.9.2010, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf Y, dags 13.9.2010.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið aftur á bak úr innkeyrslum og inn á Hjallaveg. Rákust þá afturhlutar bifreiðanna saman að því er virðist.

Ökumaður A kvaðst hafa bakkað út úr innkeyrslu og ekkert séð í baksýnispeglinum, enda í halla. Hann hafi nánast verið á engri ferð og verið kominn á bremsuna þegar hann hafi fundið högg koma á bifreiðina.

Ökumaður B kvaðst hafa verið að bakka út úr innkeyrslu og skynjarar pípt þangað til hann var kominn að húshorninu. Þá hafi þeir hætt að pípa og hann verið búinn að setja B í “drive” þegar högg kom á bifreiðina.

Álit.

A var á ferð aftur á bak, þegar áreksturinn varð, og ökumaðurinn vissi ekki hvað var fyrir aftan bifreiðina þar sem hann hafi ekkert séð í baksýnispegli vegna halla. Ökumaðurinn gætti ekki þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og telst því eiga sök á árekstrinum. Ökumaður B staðhæfir að hann hafi verið búinn að setja bifreiðina í gír til að aka henni áfram, þegar áreksturinn varð. Eins og atvikum er hér háttað þykir ósannað að ökumaður B hafi ekið bifreið sinni aftur á bak í þeirri andrá sem áreksturinn varð eða hann hafi á annan hátt hagað akstri sínum þannig að á hann verði felld sök. Að svo vöxnu verður ökumanni A einum gefin sök á því hvernig fór.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 5. október 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.